

2. fundur skólaráðs skólaárið 2024-2025 - 19. mars kl. 14:15

Fundur felldur niður vegna forfalla, eftirfarandi fundargerð og umræðupunktur samþykktir með tölvupóstum.

1. Olweusaráætlunin gegn einelti

Lítið unnið markvisst með áætlunina í vetur en teymi þó hvött til að ræða reglulega um eineltismál, fara yfir eineltishringinn o.s.frv. Ekki haldnir bekkjarfundir með foreldrum en stefnt að því haustið 2025. Olweusarkönnunin ekki lögð fyrir og spurning með framhald verkefnisins í því samhengi þar sem verkefnisstjórn á landsvísu liggur að mestu niðri að því er virðist. Fylgjumst með framvindunni í þeim efnum. Höldum þó áfram að vinna að eineltisforvörnum og nýtum þau verkfæri sem áætlunin býður upp á við það sem og við vinnslu og úrlausn mála.

2. Hvernig hefur skólaárið gengið?

Skólastarfið heilt yfir gengið vel, meira jafnvægi í bæði starfsmanna- og nemendahópum. Höfum haldið okkur við svipað kerfi undanfarin ár varðandi teymiskennslu, morgunstundir, skipulag skóladags og fleira, almenn ánægja með kerfið virðist vera. Við munum halda áfram að þróa okkur áfram, halda í það sem gott er en reyna að bæta það sem hægt er að bæta.

3. Skóladagatal 2025-2026 og hópaskipting

Skóladagatal 2025-2026 lagt fram. Er með svipuðu sniði og síðustu ár. Endurtökum þorablót sem tókst með miklum ágætum, höfum vetrarfrí í kringum öskudag og höfum sömuleiðis tvo viðtalsdaga í febrúar líkt og var núna og tókst nokkuð vel. Annar hópurinn kemur þá í viðtöl fyrri daginn á meðan hinn hópurinn fer á milli stöðva og svo svissast það síðari daginn. Vorskemmtun áætluð í næst síðustu viku fyrir páskafrí líkt og undanfarin tvö ár. Hefur lukkast vel, skemmri en snarpari undirbúningur fyrir Vorskemmtun og gefur svo kost á góðri og rólegri kennsluviku fyrir páska.

Hópaskipting verður með sama móti á komandi skólaári, skipt eftir stigum í grunninn en teymi skipta þeim hópum svo eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni í smærri hópa. Stefnir í nokkrar breytingar á "vægi" hópa. 17 nemendur á yngsta stigi, 11 nemendur á miðstigi og 19 nemendur á unglingastigi að óbreyttu. 46 nemendur í heildina, með því allra minnsta í sögu skólans, og vonandi að sú þróun fari að snúast við, þótt ekki sé endilega útlit fyrir það akkúrat núna (miðað við fjölda á unglingastigi og fjölda í næstu árgöngum sem koma inn í skólann), en það gæti þó auðvitað breyst.

4. Skólahúsnæði og skólalóð: Framkvæmdir, öryggi, aðbúnaður o.s.frv.

Búið að endurnýja u.þ.b. þriðjung glugga í húsinu, annar þriðjungur tekinn í vor/sumar og verkið klárað á næsta ári að öllum líkindum. Þak á íþróttahúsi verður endurnýjað í sumar, stór og mikil framkvæmd, og nauðsynleg. Stefnt er að því að setja lyftu í húsið, framkvæmd

sem hefur verið talað um í ár eða áratugi, en nú orðin nauðsynleg. Verið að skoða með fjármögnun og styrkjamöguleika í því samhengi.

5. Önnur mál

a. Starfsmannamál

Ljóst að nokkur breyting verður á starfsmannahópnum næsta vetur. Tveir kennarar á leið í fæðingarorlof og sá þriðji hættir. Stefnt að því að koma auglýsingu í loftið sem allra fyrst, en fyrst þarf að reyna að stilla upp stöðunni og sjá nákvæmlega hvar vantar. Einnig þarf að öllum líkindum að auglýsa eftir stuðningsfulltrúa og þá þarf að skoða málefni Frístundar.

b. Frístund

Frístund, eða skólavistun, hefur ekki verið í boði undanfarin 3 skólaár hið minnsta. Eftirspurn var lítil og með breytingum á skipulagi skóladags þar sem yngsta stig er til 14 alla daga, var talið forsvaranlegt að bjóða ekki upp á Frístund. Það er annars lögboðin skylda nema gildar ástæður séu fyrir hendi, svo sem staðbundnar aðstæður (t.d. fámenni og lítil eftirspurn eins og undanfarin ár hjá okkur). Nú hefur hins vegar aukist að spurst sé fyrir um Frístund og mögulega gerist þörf á að endurvekja þá starfsemi á komandi skólaári. Skólastjóri mun kanna þörfina og auglýsa eftir starfsmanni, eða skipuleggja störf með þeim hætti að unnt sé að bjóða upp á Frístund skólaárið 2025-2026.